



---

# Fundargerð stjórnar HSI

Föstudaginn 13. mars 2020



## **Ellefti fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, föstudaginn 13. mars 2020 kl. 16.30.**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð. Þá var Alfreð Örn Finnsson viðstaddur fundinn.

Forföll: Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Magnús Karl Daníelsson

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Framhald mótahalds sökum Covid 19 veirunnar  
DBG rakti aðeins þau mál sem farið var yfir á fundum með ÍSÍ í dag. Búið er að gefa út samkomubann frá og með nk. mánudegi og miðast það við 100 manns. Þá er einnig búið að gefa út leiðbeiningar varðandi skólastarf en íþróttahreyfingin fellur undir það. Miðað við þær leiðbeiningar þá mega æfingar fara fram á grunnskólaaldri en ekki afreksstarf eldri frá og með mánudeginum. Hvað varðar helgina þá hefur fjöldi allur af félögum óskað eftir frestunum um helgina. Stjórn ákvað á fundi sínum að fresta öllum leikjum frá og með föstudeginum 13.mars þar til annað verður ákveðið.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 1. apríl kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari